

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps, nr. 322
8. nóvember 1973, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 1 200 á hemil á mánuði.
Vatnsgjald er kr. 1 600 fyrir hvern lítra á mínútu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. desember 1977.

Nr. 455.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387 27. desember
1973, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 975.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 1 950.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkv. orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 433, 30. desember 1976, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. desember 1977.

Nr. 456.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. HEITT VATN

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli kr. 67.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil kr. 18 534.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 l/mín fyrir hverja 100 m³ húsnæðis.
Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. MÆLALEIGA

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að ¾" kr. 716 00 á mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2" — 1 313 00 á mán.
3. Fyrir hemla — 716.00 á mán.

III. HEIMÆÐAGJALD

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³ kr. 143 160.00

400 til 2000 m³ kr. 143 160.00 af 400 m³ + kr. 119.50 á m³ þar yfir að 2000 m³.

2000 m³ kr. 334 360.00 + kr 98.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 20 880.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 440.00.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af hreppsnefnd Selfoss er sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 12 10 janúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshepps nr. 108 10. febrúar 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- A. Fastagjald kr. 380.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- B. Vatnsgjald kr. 970.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig: